



STARFSLÝSING

Yfirmaður	Skipstjóri
Stofnun/deild	Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð

1. Meginviðfangsefni og ábyrgðarsvið

Þjónusta við viðskiptavini þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Sinnir ýmsum störfum og verkefnum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Þjónusta við aðrar stofnanir bæjarins samkvæmt fyrirmælum yfirmanns.

2. Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavini hafnarinnar s.s. binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns, og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtun o.fl.
- Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer, skráning þeirra og afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu
- Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar
- Viðhald, hreinsun og snyrting hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja
- Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílvog.
- Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið. Tækjum, bílum og verkfærum skal raða skipulega upp.
- Tilkynnir til yfirmanns um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi
- Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar
- Aðstoð á dráttarbáti
- Vinnur almenn störf eftir þörfum og ákvörðun yfirmanns
- Viðhaldsverkefni þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar

2.1 Fjármál

- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á

2.2 Samskipti

- Við aðra starfsmenn þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar
- Við viðskiptavini þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar

2.3 Önnur verkefni

- Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans

3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Menntun sem nýtist í starfi
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd
- Vigtarréttindi
- Bílpróf

3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslenskukunnátta
- Enskukunnátta

- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum
- Færni í að eiga gott samstarf við stjórnendur og samstarfsmenn

Fjarðabyggð, ____ . maí 2023

Starfsmaður

Yfirmaður